

BRÉF

67

27. sept.

handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundir mánudaginn 10. október 1960.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eigi á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 27. september 1960.

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.**AUGLÝSING**

68

5. okt.

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gær úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 5. október 1960.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius**TILSKIPUN**

69

6. okt.

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ísrael.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað, eða handiðnað, jarðrækt, málm nám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Ísrael, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

- 69 Deir, sem í Ísrael reka verksmiðjuíðnað eða handiðn, jarðrækt, málmnam, 6. okt. verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:
1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Ísrael fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
 2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvikjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
 3. Vörumerkið skal ekki njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Ísrael.
 4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Ísrael, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
 5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt í Ísrael, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram í Ísrael.
 6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 6. október 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

70

7. okt.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var undirritað í Varsjá, 1. október 1960, samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu frá 1. október 1960, til 30. september 1961.

Samkvæmt íslenska vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir eftirfarandi útflutningi til Póllands: Fryst síld 2500 smál., saltsíld 2000 smál., fiskimjöl 3500 smál., saltaðar gærur 250 smál., meðalalýsi 800 smál., iðnaðarlýsi 400 smál., kindagarnir 200000 stykki og frystum fiskflökum eins og um kann að semjast.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vöruflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stálvörur, trjávörur, gips, vefnaðarvörur, sykur, ávextir og grænmeti, skófatnaður, leirvörur, búsaðöld o. fl.